



Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 15. mars 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og með Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Laufey Líndal Ólafsdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Guðmundur Auðunsson. Margrét Pétursdóttir úr kjörnefnd var gestur fundarins.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

2. Fundarstjórn

Rætt var um innlegg Katrínar á Facebook-síðu stjórnarinnar um verklag, upplýsingaflæði og gagnsæi innan framkvæmdastjórnar.

3. Kjörnefnd, starfið byrjað

Margrét sagði frá síðasta fundi nefndarinnar sem gekk prýðilega og hann var ræddur.

4. Umsókn til Vinnumálastofnunar um starf umsjónarmanns Bolholts

Vel var tekið í hugmyndina og Sigrún ætlar að kynna sér málið.

5. Efling starfseminnar

a. Úthringing í félagi

Umræðum frestað.

b. Baráttuhópar, hverjir þurfa aðstoð

Verkalýðsráð/Stéttahópurinn mun funda á morgun þriðjudag. Innflytjendaráð er ekki enn komið í gang en Sanna mun blása lífi í það. Ungir sósíalistar gætu þegið aðstoð.

c. Sósíalístakaffi og aðrir viðburðir

Næsta sósíalístakaffi verður laugardaginn 27. mars.

d. Virkni á vefsíu, Facebook og víðar

Umræðum frestað.

e. Ráðuneyti

Umræðum frestað.

6. Fjármál

Flokkurinn: 2.522.449 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Maístjarnan: 2.278.226 kr., bankatrygging Maístjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

7. Önnur mál

Sigrún fór með bókhaldið til endurskoðanda í dag.